



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI  
TRAUST • VIRÐING

# Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

## Skútustaðahreppur

### 11. janúar 2018 – Pistill nr. 25

Gleðilegt ár kæru Mývetningar nær og fjær. Árið 2018 fer vel af stað og er engin ástæða til annars en bjartsýni í anda gilda Skútustaðahrepps sem eru jafnræði, jákvæðni, traust og virðing.

Hjá sveitarfélaginu eru mörg spennandi verkefni fram undan. Uppbyggingin heldur áfram og nú stefnir í að íbúafjöldinn fari yfir 500 þegar líður á árið.



Brenna og flugeldasýning var við jarðbaðshólana á gamlársdag.

#### Gildin okkar

Jafnræði er eitt af gildum sveitarfélagsins þar sem við höfum jafnrétti, fjölbreytileika og samvinnu að leiðarljósi. Mismunun á sér því

miður stað á ýmsum vígstöðvum í samfélaginu, first og fremst af mannavöldum, sem er ósættanlegt. Í okkar samfélagi eiga allir að hafa sama rétt og tækifæri á öllum sviðum. Þjónusta sveitarfélagsins á að taka mið af þessu, tækifæri starfsfólksins okkar á einnig að taka mið af jafnræði. Gott er að vera góður og gildur þjóðfélagsþegn en við þurfum líka að taka þátt í samfélaginu, standa vörð um réttindi okkar og taka þátt í umræðunni á gagnrýnin en uppbyggilegan hátt. Þetta er lykilatriði. Jákvæðni er annað gildi sveitarfélagsins. Við leggjum okkur fram um að vera lausnamiðuð, bjartsýn og glaðleg og stuðla þannig að vellíðan í samskiptum og samstarfi. Jákvæðni snýst að mestu um að taka jákvæða afstöðu til lífsins. Stundum getur þurft að bíta á jaxlinn en jákvæðni er skemmtilega smitandi. Traust er þriðja gildið okkar. Starfsfólk sveitarfélagsins hefur heitið því að vera faglegt, heiðarlegt og vandvirkt í starfi. Þetta er mikil áskorun en með því að beita jafnræði í sínum störfum á jákvæðan hátt og með virðingu fyrir þjónustuþegum okkar öðlumst við traust, einnig okkar á milli.

Virðing er einmitt fjórða og síðasta gildið okkar hjá sveitarfélaginu. Markmið okkar er að vera víðsýn og umburðarlynd og höfum að leiðarljósi gagnkvæma virðingu hvert fyrir öðru og

náttúrunni. Víðsýni hægir á tímanum og kennir okkur að leita nýrra lausna á viðfangsefnum dagsins í dag. Þar eru fráveitumálin mér ofarlega í huga núna því við höfum ekki látið undan ofurþrýstingi til að fara út í vanhugsaðar bráðaaðgerðir með tilheyrandi kostnaði, heldur gefið okkur tíma til þess að staldra við og leita nýrra lausna og leiða. Nánar að því síðar í pistlinum.

### **6,47% hlutur í Jarðböðunum til sölu**

Skútustaðahreppur ásamt minni hluthöfum hafa ákveðið að bjóða hlut sinn í Jarðböðunum til sölu. Jarðböðin hf. rekur baðhús í Mývatnssveit þar sem boðið er upp á náttúruleg gufuböð, baðlón með heitu hveravatni og heitan pott. Gestum Jarðbaðanna hefur fjölgað mikið síðastliðin ár en um 220 þúsund gestir heimsóttu Jarðböðin árið 2017. Mikil vaxtartækifæri eru til staðar sem áhugasömum fjárfestum býðst nú að taka þátt í. Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur verið falið að annast sölufarlið fyrir hönd seljenda. Áhugasamir aðilar geta óskað frekari upplýsinga með því að senda tölvupóst á netfangið [jarbodin@islandsbanki.is](mailto:jarbodin@islandsbanki.is) fyrir 31. janúar 2018.



Frá fráveitufundinum síðasta föstudag.

### **Ný nálgun í fráveitumálum**

Sveitarstjórn fagnar því að ný ríkisstjórn tekur upp þráðinn á ný í viðræðum við sveitarfélagið

um aðkomu ríkisins að fráveitumálum í Mývatnssveit og bindur vonir við að samkomulag náist sem fyrst. Jafnframt er fráfarandi umhverfis- og auðlindaráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra þakkað fyrir gott samstarf.

Rétt er að ítreka að sveitarstjórn vinnur nú þegar eftir umbótaáætluninni varðandi útfærslu lausna og skipulag, m.a. með breytingu á deiliskipulagi í Reykjahlíð vegna staðsetningar hreinsistöðvar, hönnun fyrsta áfanga vegna fráveitu í Reykjahlíð og aukningu stöðuhlutfalls skipulags- og byggingaulltrúa, úr 33% í 100%, m.a. vegna aukinna umsvifa í fráveitumálum. Þann 5. janúar s.l. héldu sveitarfélagið og rekstraraðilar, sem samþykkt hafa sameiginlega umbótaáætlun í fráveitumálum til næstu fimm ára, fróðlegan upplýsingafund um fráveitumál. Þar voru m.a. kynntar nýjar hugmyndir um lausn á fráveitumálum í Mývatnssveit sem felst í söfnun svartvatns (frárennsli úr klósettum) í lokaðan tank og endurnýtingu næringarefna til uppgræðslu á Hólasandi. Ef af verður, yrði þetta talsvert hagkvæmari lausn en hreinsistöðvar og sjálfbærari á allan hátt, með nýtingu næringarefna til uppgræðslu í nágrenninu. Áfram er unnið að þróun þessara lausna í samvinnu við Landgræðsluna. Sveitarstjórn ítrekar fyrri umsögn um breytingar á reglugerð um fráveitur og skólp þess efnis að skilgreining persónueininga verði endurmetin og samræmd. Forsendur að baki þeim eru mjög óljósar og túlkun stofnana mismunandi, sem er mjög bagalegt með tilliti til krafna til fráveitmála í Mývatnssveit í dag. Sveitarstjórn telur jafnframt að á meðan unnið er samkvæmt umbótaáætlun sveitarfélagsins og rekstraraðila er mikilvægt að uppbygging

sem uppfyllir skilyrði umbótaáætlunarinnar verði ekki sett í uppnám.

### **Skjalavistunaráætlun samþykkt**

Sveitarstjóri lagði fram Skjalastefnu Skútustaðahrepps á fundi sveitarstjórnar í gær. Tilgangur reglnanna er að setja ramma um meðferð skjala hjá Skútustaðahreppi og lýsa ábyrgð starfsmanna. Sveitarstjórn samþykkti skjalastefnuna samhljóða. Hana er hægt að nálgast á heimasíðu Skútustaðahrepps.

### **Vinabærinn Sör-Fron**

Vinabær Skútustaðahrepps í Noregi, Sör-Fron, hefur í samráði við sendiherra Íslands í Noregi, Hermann Ingólfsson, óskað eftir því að fá ferðapjónustuaðila í Mývatnssveit í heimsókn í tengslum við svokallaða Per Gynt menningarhátíð sem fram fer í sumar. Hátíðin er í tíu daga, frá 3.-12. ágúst og er gríðarlega vinsæl en rúmlega 30 þúsund gestir komu á hana á síðasta ári. Karl Olsen sem er formaður norræna félagsins í Sör-Fron hefur lagt til að 3. og 4. ágúst verði einhvers konar ráðstefna um ferðapjónustu sem tengist vinabæjunum. Verður þetta kynnt nánar á vettvangi Mývatnssstofu. Þeir sem vilja kynna sér þessa áhugaverðu bæjarhátíð geta séð það á heimasíðu hennar: <https://peergynt.no/>

### **Breytingar vegna Skjólbrekku**

Eins og kom fram í síðasta pistil hefur sveitarfélagið tekið yfir rekstri félagsheimilisins Skjólbrekku. Það hefur í för með sér að bókanir og annað í tengslum við húsið verður með formlegri hætti en áður. Allar bókanir fara nú í gegnum hreppsskrifstofuna í síma 464 4163 eða á [skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is). Skrifu þarf undir leigusamning þegar húsið er

tekið á leigu en í honum er að finna leiguskilmála, samninginn er hægt að nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins.

Lárus Björnsson í áhaldahúsinu hefur yfirsjón með fasteigninni.

Vil ég nota tækifærið og þakka Yngva Ragnari og Ásdísi á hóteli Seli sem leigt hafa Skjólbrekku undanfarin ár, fyrir frábæra þjónustu og liðlegheit varðandi húsið.

Nú er nefnd að störfum varðandi framtíðarskipulag á rekstri Skjólbrekku. Þá verður farið í að skipta um parket á gólfinu á næstu vikum.

### **Jákvæð sálfræði**

Lagt var fram bréf fyrir sveitarstjórn frá Dagbjörtu Bjarnadóttur hjúkrunarfræðingi í Mývatnssveit þar sem óskað er eftir styrk vegna náms í jákvæðri sálfræði við Endurmenntun Háskóla Íslands.

Sveitarstjórn þakkar Dagbjörtu kraftmikið og óeigingjarnt starf á sviði heilsueflingar og forvarna í Skútustaðahreppi undanfarna þrjá áratugi. Viðfangsefni námsins og fyrirhugað inntak lokaverkefnis fellur vel að stefnu sveitarfélagsins sem heilsueflandi samfélags og mun það að vonum nýttast til bættrar lýðheilsu íbúa almennt og stuðningi fyrir skólastofnanir. Sveitarstjórn samþykkir styrk til bréfitara upp á 150.000 kr. og felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara í samræmi við umræður á fundinum.

### **Lausagöngubann innan**

#### **Reykjahlíðargirðingar**

Á fundi landbúnaðar- og girðinganevndar var tekin fyrir skýrsla Landgræðslunnar um Reykjahlíðargirðingu. Sveitarstjórn samþykkti tillögu nefndarinnar að lausagöngubann verði auglýst innan girðingarinnar.

## Sorphirðudagatalið 2018 komið út

Sorphirðudagatal fyrir árið 2018 er komið út. Það er hægt að nálgast á heimasíðunni okkar.

## HRÓS DAGSINS...

fá prestshjónin þau Arnfríður Anna Jónsdóttir og séra Örnólfur Jóhannes Ólafsson sóknarprestur fyrir góða messu og höfðinglegt boð á nýársdag. Að lokinni nýársdagsmessu í Skútustaðakirkju buðu þau safnaðargestum og kirkjukórnum heim í prestsbústaðinn á Skútustöðum þar sem veisluborð svignuðu undan kræsingum.

## Laugardagsgöngur

### vorið 2018

*Göngur okkur gleðja öll  
gráir dagar víkja  
Falleg sveit og okkar fjöll  
ferðir engan svíkja*



Ákveðið hefur verið að standa fyrir fjórum heilsubótargöngum með það að markmiði að fara út, hreyfa sig, njóta umhverfisins og blanda geði, maður er jú manns gaman! Skorur við á sem flesta að reima á sig skóna og vera með. Allir velkomnir.

Eftirtalda laugardaga verður farið:

27. janúar

24. febrúar

24. mars

21. apríl

Tímasetning: Kl. 11:00. Áætlað er að hver ganga taki 1-2 klukkutíma.

Upplýsingar um leiðir og staðsetningar hverju sinni verða settar inn á heimsíðu

Skútustaðahrepps og á facebook með dags fyrirvara.

Skútustaðahreppur er Heilsueflandi samfélag.

## Framundan:

- Vegna vinnu við stefnumótun í ferðapjónustu í Skútustaðahreppi og breytingu á aðalskipulagi, sem unnið hefur verið að undanfarin misseri, er boðað til samráðsfundar með hagsmunaaðilum miðvikudaginn 17. janúar n.k. á hreppsskristofunni, sem hér segir:

Kl. 10:30 Fundur með opinberum stofnunum

Kl. 13:00 Fundur með ferðapjónustuaðilum

Kl. 15:30 Fundur með landeigendum og bændum

Vinsamlegast skráið ykkur á fundinn með því að senda póst á netfangið [alma@skutustadahreppur.is](mailto:alma@skutustadahreppur.is)

- Haldinn verður kynningarfundur mánudaginn 29. janúar n.k. kl. 10.00 á hreppsskrifstofu Skútustaðahrepps þar sem framtíðaráform um uppbyggingu og vinnu við deiliskipulag á verslunar- og þjónustusvæði 113-M í Reykjahlíð (við Kjörbúðina og nágrenni) verða kynnt. Fulltrúi frá fasteignafélaginu Urtusteini, sem rekur húsnæði Kjörbúðarinnar, verður á fundinum og ræðir framtíðaráform félagsins á reitnum. Áhugasamir aðilar sem vilja taka þátt í uppbyggingu á þessum reit eru hvattir til þess að mæta á fundinn.

## Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanfögnu og má þar nefna stjórnarfund Fjarskiptafélagsins, fráveitufund, vegna heilsueflandi samfélags, stefnumótun í ferðapjónustu o.fl.

Sem fyrr er hér er stiklað á stóru. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda.

Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

*Bestu kveðjur*

**Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri**